



## Biskup Íslands

Reykjavík 15. febrúar 2011

Til sóknarpresta, presta, djákna, prófasta, sóknarnefnda, organista og annars starfsfólks.

Erindi: SAMSTARFSSVÆÐI – 7. mál kirkjuþings 2010.

Eins og kunnugt er hefur undanfarin ár verið unnið innan kirkjunnar með verkefni sem fjallar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Kirkjuþing ýtti þessu viðamikla verkefni úr vör og hefur það verið til umfjöllunar á kirkjuþingum undanfarin ár. Á kirkjuþingi 2010, í nóvember, var samþykkt stefnumótandi ályktun er lýtur að inntaki þessa máls og fékk verkefnið nýja yfirskrift “þjónusta kirkjunnar”.

Eftirfarandi var þar samþykkt:

### 7. mál. Þingsályktun um þjónustu kirkjunnar

*Kirkjuþing 2010 samþykkir megináherslur í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar og felur kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar.*

*Kirkjuþing samþykkir þá framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felst í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði í samráði við heimamenn að koma á fót samstarfssvæðum um allt land fyrir árslok 2011.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði einnig að skipa starfshóp til að ljúka stefnumótun um starfsmannahald og leiðtogaþjálfun, jafnt launaðra starfsmanna sem og sjálfboðaliða, í sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og öðrum stofnunum þjóðkirkjunnar. Þá taki starfshópurinn til umfjöllunar hlutverk kærleiksþjónustu í starfi safnaða og stofnana, svo skilgreiningu á störfum.*

*Hugað verði sérstaklega að heildarsýn í skipulagi og aðgreiningu samstarfssvæða og stjórnunareininga þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð fól kirkjustarfshópi að móta tillögur til kirkjuráðs um framkvæmd þingsályktunarinnar í 7. máli og voru lagðar fram tillögur fyrir kirkjuráð nú í janúar og hafa þær verið til frekari umfjöllunar í starfshópnum og eru enn í mótun. Engu að síður þykir rétt að kynna stöðu þessa máls eins og hún er nú þar sem samþykkt kirkjuþings felur m.a. í sér að samstarfssvæðum verði komið á um land allt fyrir árslok.

Allar breytingar á skipulagi og starfsháttum kirkjunnar þurfa góða umfjöllun og víðtæka samstöðu til að þær öðlist þann sess innan kirkjunnar sem stefnt er að. Þessar hugmyndir um (heildarskipan) þjónustu kirkjunnar verða kynntar ítarlega með það í

huga að stuðla að því að samþykkt kirkjuþings um þetta mál nái fram að ganga. Þetta verður gert með margvíslegum hætti, m.a. verður málið til umfjöllunar á prófastafundi í mars, á Leikmannastefnu í byrjun apríl og á Prestastefnu í byrjun maí. Þá verða sérstakir fundir haldnir um land allt með prestum, starfsfólki sókna svo og sóknarnefndum og öðrum sem málið varðar, og er stefnt að því að þeir fundir verði haldnir með vorinu. Ekki er víst að unnt verði að halda kynningarfundina á hverju samstarfssvæði fyrir sig en þau eru alls 30 samkvæmt tillögunum.

Rétt þykir að áréttu nokkur atriði varðandi samstarfssvæðin:

- Ekki er verið að sameina sóknir, eða prestaköll eða leggja það til, heldur að styrkja og efla samstarf þessara starfseininga og tryggja að sú kirkjulega þjónusta sem að er stefnt sé fyrir hendi innan svæðisins.
- Samstarf hefur alltaf verið fyrir hendi í misjöfnum mæli, milli presta um afleysingar, milli sókna um organista og kirkjusöng, barnastarf, o.fl. en hér er verið að útvíkka og setja í víðara samhengi um land allt.
- Í starfsreglum um presta er ákvæði um samstarf og samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess innan prófastsdæmis og undir tilsjón prófasts (sjá 2. gr.):

*Almenn ákvæði um presta.*

**2. gr.** Sóknarprestur ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón prófasts. Sóknarpresti ber að láta í té þá aukþjónustu í prófastsdæminu sem ákveðin er og að leysa af á vikulegum frídegum grannprests.

Samstarf presta skal skv. þessu m.a. lúta að:

a) afleysingþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta

b) samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess.

- Til að byrja með leggjum við áherslu á að samstarfssvæðin einbeiti sér að samstarfi um helgihald, skv. þeim viðmiðum um messuskyldur sem er að finna í tillögunum.
- Ekkert mælir á móti því að nú þegar sé jafnframt hugað að fjölþættara samstarfi, barna- og unglíngastarfi, samstarfi sóknarnefnda um mannahald eða vöruinnkaup.
- Hlutverk prófasts er að sjá til þess að samstarfssvæðin fari af stað og að fylgjast með framvindunni, en það er ekki hlutverk prófastsins að leiða það.
- Hvert svæði velur sér leiðtoga meðal sóknarpresta sem leiðir svæðasamstarfið eitt ár í senn. Ekkert er því til fyrirstöðu ef heimamenn koma sér saman um það að fela öðrum innan samstarfssvæðisins þetta hlutverk. Tekið skal fram að engin greiðsla kemur aukalega fyrir þetta verkefni.
- Hvert og eitt samstarfssvæði getur valið þær leiðir sem eru best henta á svæðinu til að ná þeim markmiðum og fyrirmælum sem felast í ályktun kirkjuþings.

Hafa ber í huga að allar sóknir skulu gera **starfsáætlun** um grunnþætti þjónustunnar sem eru þessir:

1. helgihald
2. boðun og fræðsla
3. kærleiksþjónusta, sálgæsla og hjálparstarf
4. menning og listir
5. staðbundin þjónusta.

Vinna innan samstarfssvæðið hefst með því að sóknarprestur og sóknarnefnd(ir) gera áætlun um þessa fimm grunnþætti. Síðan er haldinn fundur á samstarfssvæðinu þar sem áætlun allra sókna verði lögð fram og hún samræmd fyrir svæðið. Gott er að hafa í huga að samstarfsverkefni sem lagt er til að sameinast um séu þess eðlis að þau komist til framkvæmda án mikillar fyrirhafnar og aukakostnaðar.

Eins og áður segir skal lögð áhersla á að byrja með að skipuleggja helgihald og reglubundnar messur/guðsþjónustur innan samstarfssvæðisins.

### **Framkvæmdaáætlun:**

1. Bréf sent út til allra presta og sóknarnefnda þar sem málið er kynnt (þetta bréf).
2. Málið kynnt og rætt á prófastafundi, Leikmannastefnu og Prestastefnu. Kynningarefni útbúið (verður birt á kirkjan.is).
3. Sóknarprestar fundi með sóknarnefndum, prestum, djáknum, organistum og öðru starfsfólki, og geri starfsáætlun fyrir hina kirkjulegu þjónustu (fimm grunnþættina: helgihald, boðun og fræðslu, kærleiksþjónustu, sálgæslu og hjálparstarf, menningu og listir, og staðbundna þjónustu). Að þessu sinni skal stefnt að því að gera messuáætlun fyrir hverja sókn sem verði rædd á fyrsta fundi samstarfssvæðisins (sjá næsta lið).
4. Prófastur kallar saman og stýrir fyrsta fundi samstarfssvæðisins með prestum og fulltrúum sóknanna. Kynningarfundir verða ákveðnir að loknum prófastafundi, sem haldinn verður seinni hluta mars, þar sem farið verið yfir skipulag fundanna og fundardagar ákveðnir. Á fyrsta fundi samstarfssvæðisins skal messum ráðað niður eftir messuskyldum. Einnig er unnt að ræða annað samstarf, svo sem barnastarf og annað safnaðarstarf. Á fundinn mætir fulltrúi starfshóps kirkjuráðs eða nefndarinnar til ráðgjafar og leiðbeiningar.
5. Sóknarprestar á samstarfssvæðinu funda í ágústlok eða byrjun september og velja úr sínum hópi leiðtoga fyrir eitt ár í senn sem heldur utan um verkefnið í samráði við prófast.

Samstarfssvæðum er ætlað að auka og efla þjónustu kirkjunnar á svæðunum með reglubundnu helgihaldi, fræðslu, boðun og kærleiksþjónustu, svo og að styrkja hlutverk kirkjunnar í menningar- og listalífi þjóðarinnar. Hvert svæði og hver sókn leiði sérstaklega hugann að því umhverfi, mannlífi og staðháttum sem eru einkennandi fyrir svæðið þar sem hin kirkjulega þjónusta vex og dafnar. Ítrekað skal að ábyrgðin á framkvæmd þessa máls hvílir á heimamönnum. Prófastar og Biskupsstofa eru til allrar þjónustu reiðubúin. Nánari upplýsingar um samstarfssvæðin og framgang þessa máls gefur biskupsritari, séra Þorvaldur Karl Helgason.

Það er einlæg von mín að þessi nýjung í kirkjulegri þjónustu, sem kirkjuþing hefur samþykkt að stefna að, leiði kirkjuna fram til nýrrar öflugrar sóknar, þar sem markvisst skal unnið að auknu samstarfi.

Með blessun Guðs og von í hjarta.



Karl Sigurbjörnsson